

Ed.

400. Nefndarálit

um frv. til laga um refaveiðar og refarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Breytingar þær, sem frv. ráðgerir á núverandi löggjöf, eru aðallega þær : að setja heimildarlög um refaveiðar fyrir allt landið, í stað laga nr. 48, 28. nóv. 1919, og reglugerða þeirra, er einstakar sýslur hafa sett samkvæmt þeim, og að landeigendum og ábúendum er tryggður hálfur ágóði af yrðlingum veiddum í landi þeirra.

Loks eru svo settar almennar reglur um refarækt og sölu refa, er meðal annars tryggja, að refir séu ekki geymdir nema í tryggum girðingum eða öruggri vörzlu, er séu undir opinberu eftirliti.

Nefndin telur þessar breytingar í aðalatriðum til bóta, en telur þó ástæðulaust að landeigandi, sem hefir leigt jörð sína, hafi refaveiðatekjur af henni, heldur eigi þær að falla til ábúanda. Jafnframt því að ábúanda jarðar eru ákveðnar tekjur af refaveiðnum telur meiri hl. nefndarinnar eðlilegt, að hann beri þá tiltölulegan kostnað við þær.

Þá telur nefndin rétt að gera nokkrar smábreytingar á frv., sem lítið raska þó efni þess.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Önnur málsgrein orðist svo:
Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarvæði saman, og annast þeir þá í sameining nm grenjaleitir.
2. Við 3. gr. Fyrri málsliður orðist svo:
Hreppsnefndir skulu ráða einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu í þeim löndum, er þeim ber að leita samkv. 2. gr.
3. Við 5. gr. Síðasti málsliður orðist svo:
Skal sá, er þannig varðveitir gren eða aðvarar skotmenn, fá hæfilega þóknun fyrir ómök sín.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Ábúandi ber helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostnaður greiðist af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum [fjallskilasjóði], ef fleiri en einn hreppur eiga afrétt saman.
Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.
5. Við 8. gr. Greinin falli niður.
6. Við 9. gr. Í stað orðanna »gangnaniðurjöfnunarfund« — leitarvæði« komi:
1. desember ár hvert.
7. Við 16. gr. Greinin falli niður.
8. Við 17. gr. Aftan við fyrri málslið bætist:
og um lækniseftirlit með refaræktarbúum.
Nánari grein verður gerð fyrir þessum brtt. í framsögu.

Alþingi, 3. apríl 1930.

Jón Jónsson,
form., frsm.

Jónas Kristjánsson,
fundaskrifari.

Jón Baldvinsson,
með fyrirvara.